

Þann 23. apríl 2003 var haldinn aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands í húsi SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Dagskrá:

Stjórnarformaður Einar Njálsson setti fund kl. 10:07. Hann lagði til að Guðmundur Ingi Guðmundsson yrði fundarstjóri og Guðmundur Stefánsson fundarritari og var það samþykkt.

Einar Njálsson gerði grein fyrir störfum stjórnar. Fyrst ræddi hann um skoðun á möguleikum á skipulagsbreytingum varðandi framkvæmdastjórn og samstarf við aðra aðila á þessu sviði. Þá ræddi hann um deiliskipulag urðunarsvæðisins í Kirkjufurjuhjáleigu og samskipti við Sveitarfélagið Ölfus um það og um kæru ábúenda í Auðsholtshjáleigu vegna starfseminnar á svæðinu. Hann gerði grein fyrir afkomu fyrirtækisins og gildandi gjaldskrá og stefnu í flokkun og meðhöndlun úrgangs.

Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi 2002. Tekjur voru 57 milljónir og hagnaður tæplega 7 milljónir. Eignir alls 138 milljónir, skuldir 23 milljónir og eigið fé tæplega 115 milljónir.
Eftir umræður var reikningurinn samþykktur samhljóða.

Þorvarður Hjaltason gerði grein fyrir gjaldskrá sem hækkaðu um 5 % sl. áramót.
Fundurinn staðfesti gjaldskrána og heimild til stjórnar um endurskoðun hennar ef rík ástæða þykir til.

Þorvarður kynnti einnig fjárhagsáætlun 2003 – 2006. Árið 2003 er gert ráð fyrir tekjum að upphæð 59,4 milljónum og rekstrarhagnaður verði 8 milljónir.
Fjárhagsáætlunin var síðan samþykkt.

Einar Njálsson kynnti tillögu stjórnar að nýjum samþykktum fyrir Sorpstöðina.
Samþykkt var að vísa tillögunni til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar. Stjórn falið að fella minniháttar ábendingar inn í tillöguna.

Kosningar.

Eftirfarandi tillaga um stjórn og skoðunarmenn kom fram og var samþykkt:

Stjórn:

Einar Njálsson, Árborg
Ágúst Ingi Ólafsson, Sorpstöð Rangæinga
Ólafur Áki Ragnarsson, Ölfusi

Varastjórn:

Ingunn Guðmundsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sorpstöð Rangæinga
Orri Hlöðversson, Hveragerði

Skoðunarmenn:

Bjarki Reynisson, Villingaholtshreppi
Ragnar Sær Ragnarsson, Bláskógabyggð

Guðmundur Tryggvi Ólafsson gerði grein fyrir nýjum lögum um úrvinnslugjald og um meðhöndlun úrgangs.

Nokkrar umræður urðu um lögin og efni þeirra.

Fannar Jónasson gerði grein fyrir starfi í sambandi við hugsanlega endurskipulagningu á svið sorpmála.

Einar Njálsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

“ Aðalfundur Soprstöðvar Suðurlands 2003 felur stjórn félagsins að vinna áfram að hugmyndum um útvíkkun á starfsemi félagsins með sameiningu eða nánú samstarfi við fyrirtæki sem starfa á sviði söfnunar, flokkunar og förgunar úrgangs. Einnig verði kannaður grundvöllur þess að taka fleiri verkefni að sér fyrir sveitarfélögin, svo sem rekstur gámasvæðis og útboð sorphirðu. Fyrst verði leitað til hliðstæðra fyrirtækja á Suðurlandi og Suðurnesjum.

Stjórninni er falið að setja fram greinargerð um valkosti sem feli í sér tillögu um hugsanlega tillögu að félagsformi, starfsramma og eignarhlutföllum fyrir nýtt félag”

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmundur Stefánsson,
fundarritari

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson,
fundarstjóri